

Tillaga til þingsályktunar

um nýtingu eyðijarða í ríkiseigu.

Flm.: Silja Dögg Gunnarsdóttir, Ásmundur Einar Daðason,
Jóhanna María Sigmundsdóttir, Ásmundur Friðriksson,
Haraldur Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að leita allra leiða til að koma ónýttum eða ósetnum jörðum í ríkiseigu í notkun og auka með því byggðafestu og atvinnu-
möguleika í dreifðum byggðum landsins, enn fremur að greiða fyrir ábúendaskiptum á ríkisjörðum í því skyni að stuðla að markvissri búsetu og uppbyggingu þessara jarða.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var fyrst lögð fram á 144. löggjafarþingi (126. mál), en hlaut ekki afgreiðslu og er því endurflutt.

Lagt er til að ráðist verði í vinnu við að koma jörðum í eigu ríkisins í notkun hið fyrsta og efla landnýtingu og búsetu á þeim jörðum sem ríkið hefur þegar til ábúðar. Það er mat flutningsmanna að ótækt sé að fjöldi jarða í ríkiseigu sé í eyði eða illa nýttur á sama tíma og nýliðun í landbúnaði er erfiðleikum bundin. Þá er þörf fyrir meiri matvælaframleiðslu á Íslandi, sérstaklega á mjólkurvörum og nautgripakjöti, og sumar þessara jarða eru heppilegar til matvælaframleiðslu. Auk þess stækkar ört sá hópur til sveita sem sinnir þjónustu við ferðamenn og hægt kann að vera að skapa atvinnutækifæri og efla jaðarbyggðir með markvissri aðgerð sem þessari.

Ungir bændur eiga í erfiðleikum með að hefja búskap þar sem bújarðir liggja ekki á lausu eða eru ákaflega dýrar. Með því að koma jörðum í notkun mætti að nokkru leyti leysa vanda nýliðunar, auka matvælaframleiðslu, tryggja byggðafestu og bæta atvinnu-
möguleika. Þessi aðgerð er mikilvæg sem hluti af stefnu núverandi ríkisstjórnar um að efla byggð og matvælaframleiðslu. Hún kemur til viðbótar þeim úrræðum sem nú eru í boði, svo sem nýliðunarstyrkjum í sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu og möguleika á styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins til atvinnuuppbyggingar á lögbylum. Hún styður við aðrar aðgerðir sem óhjákvæmilega þarf að ráðast í til þess að snúa við óheppilegri byggðapróun í mörgum héruðum og styður við þá viðleitni að styrkja matvælaframleiðslu á Íslandi á tímum vaxandi eftirspurnar eftir mat í heiminum, en minnkandi framleiðslugetu.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið heldur utan um jarðeignir ríkisins. Samkvæmt upplýsingum frá Jarðeignum ríkisins haustið 2014 átti ríkið þá um 473 jarðir og hefðu eyðibýli verið talin um 160. Þó var vakin athygli á því að margar eyðijarðir væru þegar nýttar, oft nytjaðar af bændum í nágrenninu til beitar eða slægna. Fram kemur á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins að unnið hafi verið að nákvæmri skráningu jarða á forræði ráðuneytisins undanfarin ár.

Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hefur undanfarin ár verið unnið að gerð landsskipulagsstefnu fyrir árin 2015–2026 sem felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn

sjónarmið til leiðbeiningar sveitarfélögum við skipulagsgerð. Ráðherra lagði fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu á 144. löggjafarþingi (689. mál). Hún var ekki afgreidd en verður endurflutt á þessu þingi samkvæmt þingmálaskrá. Flutningsmenn telja rétt að við áframhaldandi vinnu við landsskipulagsstefnu verði tekið mið af tillögu þessari um nýtingu eyðijarða hvað varðar skipulag landnotkunar í dreifbýli. Hér er lögð til einföld aðgerð af hálfu stjórnvalda sem stuðlar að sjálfbærri og meiri landnýtingu í dreifbýli.

Einnig má benda á að sú aðgerð að koma ósetnum eða ónýttum jörðum í notkun hefði jákvæð áhrif á ríkissjóð þar sem jarðirnar færu loks að skila tekjum.

Það er mat flutningsmanna að það sé allra hagur að leitað sé leiða til að tryggja sem best nýtingu jarða í eigu ríkisins sem skráðar eru í eyði. Nauðsynlegt er að ríkið sem landeigandi hafi skýra sýn á málaflokkinn og stuðli að þeirri landnýtingu á jörðum sínum sem almennt er talin æskileg með tilliti til byggðar og matvælaframleiðslu á viðkomandi svæði.